



# Hafnarmál

## Samþykkt fyrir hafnarnefnd

### 1. grein

Hafnarnefnd fer í umboði sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps með hafnarmál, að svo miklu leyti sem sveitarstjórn lætur þau sig varða og eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

### 2. grein

Hafnarnefnd er skipuð fimm fulltrúum og fimm til vara, kosnum af sveitarstjórn. Sveitarstjórn kys nefndinni formann og varaformann. Nefndin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil þess er sama og sveitarstjórnar.

Hafnarstjórn starfar beint undir sveitarstjórn. Hafnarstjóri starfar með stjórninni.

Stjórnin starfar á hafnarmálasviði, sem er undir stjórn sveitarstjóra. Eftirfarandi stofnanir starfa undir umsjón stjórnarinnar: höfn sveitarfélagsins, hafnarsvæði og hafnarvog.

### 3. grein

#### Hlutverk hafnarnefndar er:

- § að vera sveitarstjórn til ráðgjafar um hafnarmál
- § að gera tillögur til sveitarstjórnar um markmið í hafnarmálum sveitarfélagsins
- § að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið sveitarstjórnar í þessum málaflokkum nái fram að ganga
- § að starfa með hafnarstjóra að þeim málum sem undir nefndina heyra
- § að gera tillögur um úrbætur í þeirri starfsemi sem undir nefndina heyrir.

### 4. grein

Hafnarstjórn gerir tillögur til sveitarstjórnar um fjárhagsáætlun vegna stofnana þeirra, sem tilheyra verkswiði nefndarinnar og í hafnarmálum almennt. Nefndin skal hafa faglega umsjón með rekstri þeirra stofnana og deilda sem undir hana heyra og hafa eftirlit með því að stofnanirnar starfi innan ramma laga og samþykkrar fjárhagsáætlunar á hverjum tíma.



Meginhlutverk hafnarstjórnar er stefnumótun, en í minna mæli afgreiðsla einstakra mála. Hafnarstjórn setur forstöðumönnum og starfsmönnum þeirra stofnana sem undir stjórnina heyra starfsreglur um afgreiðslu samsvarandi mála

---

Samþykkt í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps 2010.